



STOFNUN ÁRSINS BORG OG BÆR



STARFSMAFFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR



Stórar stofnanir – 3 efstu með 50 starfsmenn eða fleiri

1. sæti - Orkuveita Reykjavíkur

Einkunn: 4,132

Fjöldi starfsmanna: 385

Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfyrirtækja vinnur að öflun og dreifingu orku og vatns ásamt því að sinna alhliða þjónustu við viðskiptavinum. Höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur eru að Bæjarhálsi í Reykjavík.

Upphaf starfsemi Orkuveitunnar má rekja aftur til árunna 1909, þegar vatnsveita var stofnuð í Reykjavík, 1921 þegar Rafstöðin við Elliðaár varð upphaf Rafmagnsveitu Reykjavíkur og 1930 þegar fyrstu húsin í Reykjavík voru tengd hitaveitu úr Þvottalaugunum í Laugardal. Starfssvæði Orkuveitunnar hefur stækkað umtalsvert og nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Árið 2002 var sameignar-fyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur stofnað en þá sameinuðust Akranesveita, Andakílsárvirkjun og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar veiturekstrinum á höfuðborgarsvæðinu

2. sæti – Frístundamiðstöðin Frostaskjól

Einkunn: 4,097

Fjöldi starfsmanna: 111

Félagsmiðstöðin Frostaskjól hefur starfað frá árinu 1986. Síðan þá hefur þjónusta við hverfisbúa aukist mikið og Frostaskjól breyst í frístundamiðstöð. Frístundamiðstöðin Frostaskjól býður börnum og unglingum í Vesturbæ upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf þar sem áhersla er lögð á forvarnir sem og að beina þeim inn á braut heilbrigðs og jákvæðs lífens.

3. sæti – Fræðslusvið Seltjarnarness leik-, tón- og grunnskóli

Einkunn: 4,087

Fjöldi starfsmanna: 150

Hlutverk Fræðslusviðs er að hafa yfirumsjón með starfsemi leik-, grunn-, tónlistarskóla og daggæslu í heimahúsum. Þá hefur starfsfólk sviðsins umsjón með undirbúningi og upplýsingagjöf til skólanefndar sem og að fylgja eftir stefnumörkun og ákvörðunum nefndarinnar.

Minni stofnanir – 3 efstu með allt að 49 starfsmenn

1. sæti - Fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarness

Einkunn: 4,576

Fjöldi starfsmanna: 11

Fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarness hefur umsjón og eftirlit með fjármálalegri starfsemi Seltjarnarnesbæjar ásamt því að hafa umsjón með þróunarmálum og upplýsingatækni.

2. sæti - 2. Leikskólinn Garðasel á Akranesi

Einkunn: 4,508

Fjöldi starfsmanna: 23

Garðasel er þriggja deilda leikskóli sem var stofnaður 1991. Í námskránni er lögð áhersla á lýðræði og jafnrétti. Börnin fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið sjálft, enda er lítið svo á að börnin séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Leikskólinn er jafnframt mikilvægur vettvangur til að jafna uppeldisaðstæður barna. Lögð er áhersla á að kennarar og stjórnendur í leikskólum fái svigrúm til að þróa leikskólastarfið á faglegan og skapandi hátt. Námsvið leikskólans eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

3. sæti - Félagsbústaðir

Einkunn: 4,435

Fjöldi starfsmanna: 22

Félagsbústaðir er þjónustufyrirtæki á húsnæðismarkaði sem á og rekur 2.222 leiguíbúðir í Reykjavík. Með stofnun hlutafélags um eignarhald og rekstur félagslegra leiguíbúða hefur reksturinn verið aðgreindur frá borgarkerfinu. Hlutverk borgarinnar er að hafa eftirlit með gæðum þjónustunnar og veita nauðsynlegt aðhald varðandi rekstur og fjárhagsstöðu rekstraraðila. Starf félagsins felst m.a. í skrifstofuhaldi og stjórnun, umsjón með nýbyggingum og viðhaldi íbúða auk reglubundins reksturs, s.s. hirðingu lóða og viðhalds íbúða og lóða.

Hástökkvarinn - Húsaskóli

Einkunn: 4,111

Fjöldi starfsmanna: 36

Húsaskóli er staðsettur í Grafarvogi í Reykjavík. Í stefnu sinni tekur skólinn mið af grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar. Markmið skólans er að veita öllum nemendum góða menntun og tækifæri til að ná sem bestum þroska til að lifa og starfa í íslensku þjóðfélagi. Einkunnarorðin sem skólinn hefur að leiðarljósi eru; virðing – ábyrgð – vinátta – starfsgleði – samvinna. Lögð er áhersla á að starfsfólk, nemendur og foreldrar tileinki sér einkunnarorðin svo samskiptin einkennist af hlýhug og umhyggju. Húsaskóli hækkaði sig um 40 sæti, var í 47. og fer í 7. sæti.



Stofnun ársins - Borg og bær 2014

Stofnun ársins - Borg og bær er valin í tveimur flokkum líkt og síðustu tvö ár. Flokkarnir skiptast í stærri stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri og minni stofnanir, með 5-49 starfsmenn.

Í flokki stærri stofnana ber Orkuveita Reykjavíkur sigur úr bítum í ár með einkunnina 4,13 og hefur tekið stórt stökk frá því í fyrra, en þá var Orkuveitan í 11. sæti.

Í flokki minni stofnana er fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarness í fyrsta sæti með einkunnina 4,58, en þau taka einnig stökk upp listann, því þau voru í 6. sæti fyrir ári. Leikskólinn Garðasel á Akranesi er í öðru sæti meðal lítilla stofnana, en þau hafa sigrað síðustu tvö ár í þessum flokki.

Titillinn Hástökkvari ársins fær sú stofnun sem hækkar mest á milli ára. Í ár er það Húsaskóli, en hann hækkar sig um flest sæti milli mælinga og fer upp um 40 sæti, var í 47 og fer í 7. sæti. Fleiri vinnustaðir tóku þó gott stökk milli mælinga, t.d. félagsþjónustusvið Seltjarnarness, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins og Orkuveita Reykjavíkur.

Í flokknum stærri stofnanir, með 50 starfsmenn eða fleiri, eru fimm stofnanir valdar sem fyrirmyndastofnanir. Í

ár eru það frístundamiðstöðvarnar Frostaskjól og Kampur, fræðslusvið Seltjarnarness, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Orkuveitan, sem jafnframt var valin Stofnun ársins.

Í flokknum minni stofnanir, með allt að 49 starfsmenn, eru einnig fimm stofnanir en það eru fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarness sem jafnframt var valin Stofnun ársins í þeim flokki, Leikskólarnir Garðasel og Vallasel á Akranesi, Félagsbústaðir og Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.

FRAMKVÆMD

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar stendur nú fyrir vali á Stofnun ársins – Borg og bær í þriðja sinn. Líkt og fyrir ári er vinnustöðum skipt upp í stærri (50 eða fleiri starfsmenn) og minni stofnanir (færri en 50 starfsmenn) og hægt er að bera saman árangur vinnustaðanna í hvorum stærðarflokki fyrir sig. Þátttakendur eru spurðir út í átta þætti í starfsumhverfinu eins og trúverðugleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuálag, vinnuskilyrði, álag og kröfur, sveigjanleika í starfi og fleira.

Val á Stofnun ársins og Fyrirtæki ársins er samvinnuverkefni St.Rv., SFR stéttarfélags, VR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Könnunin er stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði. VR hefur útnefnt Fyrirtæki ársins í 18 ár, SFR hefur staðið fyrir vali á Stofnun ársins síðastliðin 9 ár, en St.Rv. stendur fyrir valinu Stofnun ársins – borg og bær nú í þriðja sinn. Könnun meðal félagsmanna St.Rv. fór fram með sama hætti og hjá SFR og VR. Capacent Gallup sá um framkvæmdina. Send var könnun á félagsmenn þar sem netfang var fyrir hendi og hringt var í þá félagsmenn sem ekki höfðu netfang og þeim boðið að taka þátt í könnuninni, annað hvort með því að fá spurningalistann sendan í pósti eða á netinu. Ef ekki náðist í félagsmann þá var listinn sendur í tölvu-pósti ef netfang var til staðar, annars var listinn sendur í pósti. Könnunin náði til allra félagsmanna sem voru í 40% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn í a.m.k. fjóra mánuði.

Upphaflega voru rúmlega 3.800 manns í þýðinu -en af þeim voru um 300 sem fundust ekki, voru veikir, eða sögðust ekki tilheyrja þýðinu. Alls voru því um 3.500 manns í endanlegu þýði. Svör bárust frá 1.498 manns og voru svör 1.444 notuð við úrvinnslu, sem gerir 41% svarhlutfall. Þetta

	2014	2013	2012
Heildarmeðaltal	3,80	3,76	3,78
Trúverðugleiki stjórnenda	3,85	3,82	3,76
Starfsandi	4,13	4,09	4,07
Launakjör	2,24	2,22	2,24
Vinnuskilyrði	3,53	3,47	3,57
Sveigjanleiki vinnu	4,19	4,14	4,06
Sjálfstæði í starfi	4,16	4,15	4,14
Ímynd stofnunar	3,85	3,75	3,81
Ánægja og stolt	4,04	3,97	3,95

Tafla 1. Samanburður á einkunnum vinnustaða milli ára – vinnustaðir sem komust á lista.

	Færri en 50 starfs- menn	50 starfs- menn eða fleiri
Heildarmeðaltal	3,83	3,78
Trúverðugleiki stjórnenda	3,86	3,84
Starfsandi	4,15	4,12
Launakjör	2,21	2,26
Vinnuskilyrði	3,60	3,46
Sveigjanleiki vinnu	4,22	4,16
Sjálfstæði í starfi	4,19	4,14
Ímynd stofnunar	3,90	3,81
Ánægja og stolt	4,04	4,03

Tafla 2. Einkunnir á öllum þáttum skipt eftir stærð vinnustaða – vinnustaðir sem komust á lista.

er lítið eitt betra svarhlutfall en á síðasta ári. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er svörin úr heildarhópi eða þýði því allir félagsmenn St.Rv., að uppfylltum framan- greindum skilyrðum, höfðu möguleika á að taka þátt.

Til þess að stofnun/vinnustaður/fyrirtæki væru tekin með í greininguna um Stofnun ársins – Borg og bær þurfti fjöldi svarenda að ná ákveðnu lágmarki. Krafa var gerð um 35% svarhlutfall frá stofnun. Auk þess var miðað við að lágmarki 5 svarendur hjá minni stofnunum, þ.e. með færri en 50 starfsmenn. Hjá stofnunum með 50 starfsmenn eða fleiri þurftu að lágmarki 10 starfsmenn að hafa sent svör sín til Capacent Gallup. Alls uppfylltu 63 stofnanir þessi skilyrði og byggjast niðurstöður á Stofnun ársins – Borg og bær á svörum tæplega 1200 starfsmanna þessara vinnu-

staða. Í fyrra uppfylltu alls 59 vinnustaðir þessi skilyrði og 47 vinnustaðir árið áður. Félagsmenn St.Rv. vinna gjarnan á vinnu- stöðum þar sem starfa félagsmenn margra annarra stéttarféлага sem gerir það að verkum að nokkrir vinnustaðir uppfylltu ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir þátt- töku. Ánægjulegt er þó að sjá fjölgun vinnustaða milli ára.

TILGANGUR

Tilgangur könnunarinnar að baki valsins um Stofnun ársins – Borg og bær er hvatning til vinnustaða um að láta sig varða stjórnun og aðbúnað starfsfólks - sem og viðurkenning til handa þeim sem skara fram úr á því sviði. Það von okkar að þessi könnun meðal starfsmanna verði nýtt starfsfólki til hagsbóta.

Ljóst er að hjá töluverðum hluta stofnana

og fyrirtækja hefur álag aukist verulega vegna niðurskurðar og sameininga sem ekkert lát virðist vera á. Slíkar aðstæður gera miklar kröfur til allra aðila sem tengjast málinu, bæði kjörinna fulltrúa í borgar- og bæjarstjórnnum sem og stjórn- enda og starfsmanna. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður er það réttmæt krafa að allar stofnanir sem og fyrirtæki búi starfs- mönnum sínum jákvætt og styðjandi starfsumhverfi. Mikilvægt er að allar ákvarðanir séu teknar af yfirvegum og byggðar á vandaðri stjórnsýslu því aldrei reynir meira á hæfni stjórnenda en á erfiðum tímum. Mælingar á frammistöðu stofnana á þessu sviði eru ekki bara sjálfsagðar heldur nauðsynlegar. Með þessu móti fá starfsmenn og stjórnendur kærkomnar upplýsingar til að meta frammistöðu sinnar stofnunar.

Niðurstöðurnar getur starfsfólk notað til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðra vinnustaði, stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnu- markaði. Þá, eins og áður er getið, eru þessar upplýsingar ekki síður dýrmætar fyrir stjórnendur, hvort sem um er að ræða staðfestingu á því sem vel er gert í starfsmannamálum eða hvatning til að gera betur.

ÁTTA ÞÆTTIR MÆLDIR

VINNUSTAÐIR SEM KOMUST Á LISTA

Átta þættir voru mældir: Trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnu- skilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægja og stolt. Þættirnir átta eru samsettir úr þeim spurningum sem falla undir hvern þátt. Hverri spurningu er hægt að svara á fimm punkta kvarða (þar sem 1 er lægst og 5 er hæst) og þar sem hærri endi kvarðans gefur til kynna meiri ánægju með það sem spurt er um en lægri endinn gefur til kynna meiri óánægju.

Valið á Stofnun ársins Borg og bær 2014 byggist á heildareinkunn sem er samsett úr framangreindum átta þáttum. Í samset- ningu heildareinkunnar er vægi þáttanna átta ólíkt og er vægi þáttarins „trúverðug- leiki stjórnenda“ mest í heildareinkunn (21%), en minnst er vægi „launakjara“ (8%). Við útreikninga á vægi hvers þáttar er alfarið byggt á gögnunum sjálfum.

STOFNUN ÁRSINS – BORG OG BÆR

Eins og áður sagði komust 63 stofnanir á lista. Meðal-heildareinkunn þessara stofnana er 3,80 sem er lítilsháttar hækkun frá því fyrir ári. Átta þættir voru mældir og af þáttunum átta fékkst hæsta einkunn á þættinum „Sveigjanleiki“ (4,19)

en lægst einkunn fékkst á þættinum „Launakjör“ (2,24). Einkunnir þáttanna má annars sjá í töflu 1. Ímynd og ánægja og stolt hækka lítillega frá því fyrir ári, eins og sjá má í mynd 1, en lítil breyting er á öðrum þáttum.

Líkt og í fyrra er vinnustöðum skipt í tvo flokka eftir fjölda starfsmanna; minni vinnustaði með færri en 50 starfsmenn og stærri vinnustaði með 50 og fleiri starfsmenn. Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifaþáttur á líðan og viðhorf starfsfólks vegna þess að með aukinni stærð vinnustaða verður samhæfing ólíkra þátta í starfseminni flóknari. Einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegri stjórnun og skipulag en minni vinnustaðir sem hefur margvísleg áhrif á samskipti og þau áhrif sem fólk getur haft á aðstæður sínar. Ákvarðanataka getur þannig verið hægari á stærri vinnustöðum og hendur stjórnenda bundnari í mörgum málum en ef vinnustaðurinn væri minni. Á móti kemur að stærri vinnustaðir hafa jafnan meiri bjargir, t.d. til að byggja upp mannaútsdeildir sem veitt geta stjórnendum sérhæfðari aðstoð en annars væri, auk þess sem tækifæri til starfsþróunar og sérhæfingar eru oftast meiri á stærri vinnustöðum en minni.


Minni vinnustaðir fengu lítið eitt hærri útkomu á flestum þáttunum, þótt ekki muni miklu. Mestu munar á ímynd stofnana, litlum stofnunum í hag. Á þættinum launakjör er einkunn stórra stofnana hærri en þeirra minni, eins og sjá má á mynd 2. Í hópi minni stofnana (færri en 50 starfsmenn) fékk fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarness hæstu heildareinkunn, eða 4,58. Í öðru sæti var Leikskólinn Garðasel á Akranesi sem var sigurvegari í fyrra, í því þriðja voru Félagsbústaðir, en þeir voru í áttunda sæti fyrir ári síðan.

Í hópi stærri stofnana (50 starfsmenn eða fleiri) fékk Orkuveita Reykjavíkur hæstu einkunn, 4,13 en Orkuveitan vermdi í 11. sætið í síðustu tveimur könnunum. Þá næst kom frístundamiðstöðin Frostaskjól og síðan fræðslusvið Seltjarnarness, en sviðið komst ekki á lista í fyrra vegna ónógrar þátttöku. Frostaskjól var á hinn bóginn mjög ofarlega á lista í fyrra og í fimmta sæti fyrir tveimur árum.


ÞÆTTIRNIR ÁTTA

SVÖR ALLRA ST.RV. FÉLAGA,


Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum St.Rv. félaga án tillits til þess hvort vinnustaðurinn komst á lista eða ekki. Þessar niðurstöður geta því vikið lítið eitt frá þeim niðurstöðum sem birtar eru að




Mynd 1. Breyting þátta milli ára – vinnustaðir sem komust á lista.



Mynd 2. Munur á milli stórra og lítilla vinnustaða – vinnustaðir sem komust á lista. Jákvæðar tölur sýna hve mikið litlir vinnustaðir (5-49 starfsmenn) eru hærri en stórir (50 starfsmenn og meira) en neikvæðar tölur sýna mun stórum stofnunum í vil (launakjör) – St.Rv. félagar, allir svarendur.



Mynd 3. Hlutfall svarenda sem gefur trúverðugleika stjórnenda „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn á bilinu 4,50-5,00) – St.Rv. félagar, allir svarendur.



Mynd 4. „Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað/pinni starfsstöð sé stjórnað“ – St.Rv. félagar, allir svarendur

framan. Þessar niðurstöður takmarkast ekki við þá vinnustaði sem komust á lista heldur miðast við svör allra eða 1.444 svarenda.

TRÚVERÐUGLEIKI STJÓRNENDA


Matið á trúverðugleika stjórnenda er byggt á tíu spurningum um stjórnendur almennt, næsta yfirmann og hversu vel vinnustaðnum er stjórnað. Trúverðugleiki stjórnenda stendur í stað frá fyrra ári.

Yngra fólk og þeir sem eru með skemmri starfsaldur gefa hærri einkunn en þeir sem eldri eru eða hafa starfað lengur á vinnustaðnum. Svörin voru flokkuð eftir stöðu í skipuriti og voru „hærri stjórnendur“ jákvæðastir starfsstétta en almennir starfsmenn neikvæðastir. Svörum var einnig skipt eftir sviðum og var starfsfólk Akranesbæjar og Seltjarnarness jákvæðara en starfsfólk borgarinnar. Lægst var matið hjá „Ráðhúsi skrifstofum.“ Á mynd 3 er sýnt hlutfall sem gefur trúverðugleika stjórnenda mjög góða einkunn (einkunn á bilinu 4,50-5,00).


Ein spurning í þættinum um trúverðugleika stjórnenda snýr að því hvort fólki finnist vinnustaðnum vel eða illa stjórnað. Nærri 70% segja að vinnustaðnum sé vel stjórnað, þar af 23% sem segja að honum sé mjög vel stjórnað. En tæp 12% segja að honum sé illa stjórnað (sjá mynd 4).

STARFSANDI


Matið á starfsanda er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda. Almenn er starfsandi talinn góður og einkunn á þættinum mælist há og er svipuð og fyrir ári. Hærri stjórnendur telja starfsandann betri en þeir sem eru neðar í skipuriti. Eins og sést á mynd 5. er stórt hlutfall sem gefur starfsanda mjög góða einkunn.



Mynd 5. Hlutfall svarenda sem gefur starfsanda „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn bilinu 4,50-5,00) – St.Rv. félagar, allir svarendur.



Mynd 6. „Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum“ – St.Rv. félagar, allir svarendur.



Mynd 7. Hlutfall svarenda sem gefur „vinnuskilyrðum“ „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn bilinu 4,50-5,00) – St.Rv. félagar, allir svarendur.

LAUNAKJÖR

Mat á launakjörum er byggt á þremur spurningum um laun, þ.e. ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra. Ánægja með launakjör er mest meðal yngstu svarendanna og þeirra sem starfað hafa skemmst (fjögur ár eða skemur) innan vinnustaðarins, en lakara hjá þeim sem eru eldri og starfað hafa lengur. Hærri stjórnendur eru ánægðari með launakjör en t.d. sérfræðingar og sérhæft starfsfólk.

Ein spurning af þremur sem mynda þáttinn launakjör er spurningin hvort fólk telji vinnuveitandann greiða betri, svipuð eða verri laun en gert sé á sambærilegum vinnustöðum. Af svarendahópnum í heild eru um 39% sem segja launin verri, 55% segja þau sambærileg en hlutfallið var 54% fyrir tveimur árum og 52% fyrir ári.

VINNUSKILYRÐI


Mat á vinnuskilyrðum er byggt á sex spurningum um ánægju með ýmsa þætti í umhverfinu, t.d. lýsingu, loftræstingu, tölvu- og tækjabúnað. Mat á vinnuskilyrðum er jákvæðara meðal hærri stjórnenda og millistjórnenda en lægst meðal sérfræðinga. Þá er mat á vinnuskilyrðum jákvæðast hjá Akranesbæ, fyrirtækjum borgarinnar og Seltjarnarnesi en neikvæðast er matið hjá Menningar- og ferðamála-sviði.

Hlutfall þeirra sem voru ánægðir með tölvu- og tækjabúnað lækkaði nokkuð í könnuninni í fyrra, en hefur nú aftur náð sömu einkunn og árið 2012.


SVEIGJANLEIKI VINNU

Sveigjanleiki vinnu er mældur með fimm spurningum, t.d. hvort fólk geti skroppið frá í vinnutímanum og hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og einkalíf. Sveigjanleiki er meiri hjá konum en körlum, en mat á sveigjanleika stendur nokkurn veginn í stað milli mælinga. Ein spurningin sem notuð er til mælingar á þættinum er hvort ætlast sé til þess að starfsfólk vinni yfirvinnu sé þess þörf. Karlar svara þessari spurningu oftast með svari „alltaf“ eða „oftast“ heldur en konur (sjá mynd 9) eða 45% karla á móti 31% kvenna.


Líkt og í mörgum könnunum af svipuðum toga sýnir könnun St.Rv. að starfsfólk herra í skipuriti er oftast ánægðara en aðrir starfsmenn. Einnig sýnir hún að hærri stjórnendur gefa hærri heildareinkunn en aðrir starfshópar. Þeir eru ánægðari og stoltari en aðrir starfshópar og gefa þáttum eins og ímynd, vinnuskilyrðum,



Mynd 8. Ánægja með tölvu- og tækjabúnað. Hlutfall svarenda sem eru ánægðir, hvorki né og óánægðir – St.Rv. félagar, allir svarendur.



Mynd 9. „Það er ætlast til þess að ég vinni yfirvinnu sé þess þörf“ – Hlutfall sem svarar „oftast“ og „alltaf“ – St.Rv. félagar, allir svarendur.



Mynd 10. „Það er ætlast til þess að ég vinni yfirvinnu sé þess þörf“ – Hlutfall sem svarar „oftast“ og „alltaf“ sýnt eftir stöðu í skipuriti – St.Rv. félagar, allir svarendur.

starfsanda og launakjörum hærri einkunn en almennir starfsmenn. Þetta gildir þó ekki um þáttinn sem metur sveigjanleika. Þó stjórnendur séu almennt ánægðir með þann sveigjanleika sem þeir hafa, þá eru stjórnendur oft bundnari en aðrir starfsmenn og meiri kröfur gerðar til þeirra varðandi viðveru og yfirvinnu en annarra starfsmanna. Þetta sést vel á mynd 10.


SJÁLFASTÆÐI Í STARFI

Þátturinn mælir hversu góð tök fólki finnst það hafa á starfi sínu, hvort starfsfólk hefur yfirsýn yfir starfið og þau áhrif sem fólk hefur í starfinu. Sjálfstæði í starfi er meiri hjá fólki með lengstan starfsaldur og meira hjá stjórnendum en almennum starfsmönnum.

ÍMYND

Ímynd vinnustaðarins er metin með þremur spurningum sem varða mat á afstöðu annarra, umfjöllun og almannarómi um vinnustaðinn eins og t.d. „Þegar stofnunin sem ég starfa hjá ber á góma er sú umræða yfirleitt vinsamleg.“ Þessi þáttur hækkar nokkuð milli mælinga.

Þeir sem hafa mannaforráð meta ímyndina jákvæðari en þeir sem eru án mannaforráða. Starfsfólk hjá menningar- og ferðamálasviði ásamt starfsfólki Seltjarnarness telur ímyndina almennt jákvæðasta, en neikvæðasta telur starfsfólk ímyndina vera á umhverfis- og skipulagssviði.



Mynd 11. Hlutfall svarenda sem gefur „ánægju og stolti“ „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn bilinu 4,50-5,00 – St.Rv. félagar, allir svarendur.

ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn „Ánægja og stolt“ er settur saman úr fjórum spurningum; ánægju í starfi, líðan í starfi, stolt af starfi og hvort viðkomandi gæti mælt með vinnustaðnum. Hærri stjórnendur eru ánægðastir starfstétta, almennir starfsmenn óánægðastir og þá eru konurnar ánægðari en karlarnir. Yngsti hópur starfsfólks er einnig ánægðari en aðrir aldurshópar. Ánægjan er mest hjá Seltjarnarnesi og Akranesbæ en minnst

er hún hjá umhverfis- og skipulagssviði og Ráðhúsi skrifstofum.

HVAÐ SVO?

Mikilvægt er að kannanir af þessu tagi séu framkvæmdar með reglubundnum hætti. Þannig geta stjórnendur og starfsmenn stuðlað að markvissri þróun mannauðs-stjórnar og fá um leið tækifæri til að bera saman stöðu mannauðsmála hjá sínum stofnunum og annarra fyrirtækja.

Ítarlegar upplýsingar fyrir stofnanir

Þátttökustofnunum gefst kostur á að kaupa skýrslur frá Capacent með gögnum fyrir sína stofnun, svo framarlega sem þátttaka starfsmanna uppfyllir skilyrði um lágmarkssvörun. Í þeirri skýrslu er gerð ítarleg greining á niðurstöðunum. Þá er meðaltal hverrar spurningar hjá viðkomandi stofnun borið saman við meðaltal allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við.

Þeim sem áhuga hafa á frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Tómas Bjarnason hjá Capacent í síma 540 1000 eða tomas.bjarnason@capacent.is

Allir vinningar gengnir út

Þátttakendur í könnuninni Stofnun ársins eru jafnframt þátttakendur í happdrætti. Þeir sem svöruðu könnuninni áttu þannig möguleika á glæsilegum vinningi. Allir fjórir happdrættisvinningarnir gengu út og hefur vinningshöfum verið tilkynnt um vinningana. St.Rv. óskar þeim til hamingju og þakkar þátttökuna í könnuninni.





Staða St.Rv. samanborið við aðra

Eins og fram hefur komið er könnunin Stofnun ársins samstarfsverkefni St.Rv., SFR og VR en auk þess er fjármála- og efnahagsráðuneytið fyrir hönd ríkisins þátttakandi í könnuninni.

SAMANBURÐUR Á EINKUNNARGJÖF ST.RV., SFR OG VR 2014

Að vanda eru þátttakendur í könnun VR um fyrirtæki ársins ánægðari með vinnustað sinn en starfsmenn hins opinbera. Heildareinkunn hækkar þó örlítið á milli ára hjá fólki sem starfar hjá ríkinu og dregur því örlítið úr þeim mikla mun sem er á viðhorfum fólks á almennum og opinberum markaði.

Mestu munar á ánægju með launakjör og ímynd milli almenna og opinbera markaðarins, en þar er starfsfólk á almenna vinnu- markaðnum mun ánægðara en bæði félags-

Samanburður á einkunnargjöf SFR, ríki, VR og St.Rv. 2014

Þáttur	VR	Ríkisstarfsmenn óháð stéttarfélagi	SFR	St.Rv.
Heildarmeðaltal	4,07	3,76	3,77	3,79
Trúverðugleiki stjórnenda	4,03	3,73	3,74	3,83
Starfsandi	4,32	4,14	4,12	4,13
Launakjör	3,20	2,47	2,41	2,26
Vinnuskilyrði	4,04	3,73	3,79	3,54
Sveigjanleiki vinnu	4,36	4,09	4,22	4,13
Sjálfstæði í starfi	4,32	4,17	4,18	4,16
Ímynd	4,15	3,66	3,66	3,82
Ánægja og stolt	4,21	4,01	4,01	4,00

Einkunnir í töflunni eru byggðar á svörum allra óháð því hvort fyrirtæki eða stofnun komst á lista yfir fyrirtæki eða stofnun ársins.


menn St.Rv. og starfsfólk ríkisins. Einnig er mat á trúverðugleika stjórnenda, starfs-

anda og vinnuskilyrðum mun jákvæðari á almenna markaðnum en hjá hinu opinbera.


Áhugaverð niðurstaða

Þegar rýnt er í spurningar sem snúa að starfsánægju og stolti starfsmanna má sjá að konur eru lítið eitt ánægðari í störfum sínum en karlar og stoltari af vinnustaðnum og vinnu sinni. Að jafnaði segja konur að þeim líði betur í starfi sínu en karlar og þær segjast ánægðari í starfi en karlar. Hvernig stendur á því að starfsánægja kvenna er meiri en karla, þegar bæði laun þeirra eru lægri og viðhorf þeirra til launa sinna er neikvæðara?

Nokkrar ástæður kunna að vera fyrir þessu. Konur eru t.a.m. ánægðari með sveigjanleika sinn í starfi en karlar, einnig eru þær ánægðari með starfsanda og ímynd vinnustaðarins/stofnunarinnar. Þessir þættir geta mögulega vegið upp á móti óánægju kvenna með laun sín, þannig að þær séu á endanum ánægðari en karlar með starf sitt, þrátt fyrir meiri óánægju með laun.



Mynd 1: „Á heildina er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ eftir kyni – St.Rv. félagar eingöngu – kvarði 1-5.



Mynd 2: „Ánægja með launakjör“ eftir kyni – St.Rv. félagar eingöngu – kvarði 1-5.

Stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri

	Heildar- einkunn	Trúverðuleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svar- hlutfall
Meðaltal	3,782	3,84	4,12	2,26	3,46	4,16	4,14	3,81	4,03	
1. Orkuveita Reykjavíkur	4,132	4,23	4,39	3,08	4,20	4,43	4,37	3,58	4,36	60-69%
2. Frístundamiðstöðin Frostaskjól	4,097	4,28	4,54	2,35	3,62	4,21	4,30	4,51	4,34	35-49%
3. Fræðslusvið Seltjarnarness	4,087	4,33	4,28	2,38	3,63	4,37	4,24	4,48	4,33	35-49%
4. Frístundamiðstöðin Kampur	4,080	4,33	4,42	2,46	3,43	4,32	4,11	4,38	4,54	35-49%
5. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	4,080	4,04	4,19	2,60	4,18	4,15	4,43	4,26	4,42	50-59%
6. Höfði dvalar- og hjúkrunarheimili	4,018	4,09	4,14	2,57	3,74	4,06	4,36	4,35	4,39	50-59%
7. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	4,009	4,17	4,28	2,88	3,56	3,84	4,25	4,13	4,46	80-100%
8. Faxaflóahafnir	3,979	3,50	4,33	2,80	3,80	4,58	4,40	4,38	4,22	60-69%
9. Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	3,955	4,09	4,40	2,50	3,73	4,00	4,19	3,99	4,18	50-59%
10. Klettaskóli	3,953	4,09	4,45	2,07	3,12	4,06	4,34	4,34	4,52	35-49%
11. Langholtsskóli	3,941	3,98	4,30	2,38	3,86	4,03	4,24	4,18	4,11	35-49%
12. Ingunnarskóli	3,924	4,33	4,47	1,91	3,27	4,11	4,42	3,80	4,16	60-69%
13. Brekkubæjarskóli Akranesi	3,899	4,02	3,64	2,11	3,74	4,74	4,09	4,07	4,32	50-59%
14. Frístundamiðstöðin Kringlumýri	3,873	3,94	4,41	2,40	3,42	4,16	4,06	4,01	4,11	35-49%
15. Frístundamiðstöðin Ársel	3,869	4,07	4,21	2,45	3,37	4,42	4,02	3,94	3,97	35-49%
16. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	3,858	4,06	4,23	2,52	3,56	4,09	4,19	3,75	3,93	60-69%
17. Leikskólar í Reykjavík	3,843	3,99	4,02	2,17	3,44	4,05	4,22	4,34	3,98	35-49%
18. Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	3,801	3,85	4,08	2,53	3,75	4,12	4,10	3,61	3,98	60-69%
19. Laugardalslaug	3,796	3,81	4,09	2,58	3,48	4,22	4,38	4,08	3,49	35-49%
20. Þjónustumiðstöð Breiðholts	3,793	3,67	4,20	2,43	3,26	4,19	4,30	3,84	4,20	60-69%
21. Borgarbókasafn Reykjavíkur	3,787	3,69	4,09	1,55	3,21	4,38	3,97	4,61	4,33	60-69%
22. Foldaskóli	3,754	4,18	4,15	1,86	3,32	4,07	3,80	3,74	4,00	50-59%
23. Frístundamiðstöðin Gufunesbær	3,750	3,78	3,93	2,07	3,18	4,14	4,34	4,10	4,06	35-49%
24. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	3,749	3,57	4,23	2,26	3,53	4,41	4,19	3,75	3,85	50-59%
25. Landspítalinn - háskólasjúkrahús	3,642	3,59	4,14	1,64	3,44	4,09	4,24	3,64	3,89	60-69%
26. Skrifstofa Skóla- og frístundasviðs Rvk	3,618	3,78	4,15	1,95	3,37	4,25	3,98	2,93	3,91	70-79%
27. Fjármálaskrifstofa ráðhúsi	3,529	3,36	3,86	1,72	3,58	4,39	4,00	3,40	3,64	70-79%
28. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	3,526	3,68	3,78	2,29	3,46	3,80	3,81	3,23	3,69	50-59%
29. Barnavernd Reykjavíkur	3,456	3,52	3,80	2,17	2,67	4,27	4,00	2,84	3,99	60-69%
30. Skrifstofa þjónustu og reksturs Rvk	3,454	3,39	3,89	1,81	3,44	4,09	3,89	3,08	3,67	50-59%
31. Strætó bs.	3,453	3,30	3,89	2,51	3,43	3,36	4,04	3,27	3,67	35-49%
32. Vættaskóli	3,315	3,16	3,80	1,85	3,13	3,83	3,97	3,07	3,47	70-79%
33. Breiðholtsskóli	2,800	2,79	3,07	1,89	2,30	4,01	3,32	2,12	2,77	50-59%

A.m.k. 75% stofnana eru með lægri einkunn.

A.m.k. 25% stofnana eru með hærri einkunn og 50% eru með lægri einkunn.

A.m.k. 50% stofnana eru með hærri einkunn og 25% eru með lægri einkunn.

A.m.k. 75% stofnana eru með hærri einkunn.



Vinnustaðir með færri en 50 starfsmenn

	Heildar-einkunn	Trúverðugleiki stjórnaenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsstaði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svar-hlutfall
Meðaltal	3,830	3,86	4,15	2,21	3,60	4,22	4,19	3,90	4,04	
1. Fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarness	4,576	4,62	4,73	4,00	4,03	4,60	4,85	4,75	4,84	35-49%
2. Leikskólinn Garðasel Akranesi	4,508	4,83	4,67	1,95	4,82	4,43	4,79	4,89	4,71	80-100%
3. Félagsbústaðir hf.	4,435	4,54	4,67	3,25	4,55	4,86	4,68	3,90	4,61	80-100%
4. Leikskólinn Vallarsel Akranesi	4,325	4,45	4,67	2,36	4,05	4,48	4,53	4,71	4,72	60-69%
5. Mannréttindaskrifstofa Rvk	4,297	4,42	4,53	2,92	4,13	4,64	4,53	4,25	4,50	80-100%
6. Húsaskóli	4,111	4,34	4,10	1,77	4,21	4,16	4,57	4,33	4,59	70-79%
7. Víkin sjóminjasafn	4,101	4,06	4,52	2,31	3,72	4,69	4,32	4,48	4,32	70-79%
8. Hitt Húsið	4,096	4,22	4,53	1,94	3,92	4,56	4,30	4,35	4,28	50-59%
9. Félagsþjónustusvið Seltjarnarness	4,003	3,99	4,47	3,25	3,27	4,26	4,55	3,75	4,30	50-59%
10. Laugalækjarskóli	3,916	4,13	4,33	1,68	3,98	3,97	4,35	4,07	4,01	70-79%
11. Breiðholtslaug	3,893	4,24	4,13	3,15	3,57	3,66	3,95	4,00	3,90	35-49%
12. Innheimtustofnun Sveitarfélaga	3,889	3,90	3,95	2,85	4,14	4,44	4,23	3,37	3,97	80-100%
13. Skrifstofa sviðsstj. USK	3,888	4,03	4,17	2,36	3,67	4,63	4,08	3,29	4,02	60-69%
14. Minjasafn Rvk: Árbæjarsafn/Landnámsskáli	3,806	3,83	4,14	1,71	3,48	4,04	4,14	4,38	4,16	35-49%
15. Aðalskrifstofa Akranesbæjar	3,794	4,00	4,11	2,48	3,58	3,97	4,32	3,51	3,85	80-100%
16. Bygginga- og umhverfissvið Seltjarnarness	3,696	3,44	4,27	2,63	3,50	4,32	3,85	3,60	3,90	50-59%
17. Grafarvogslaug	3,682	3,47	3,81	2,08	3,59	4,16	4,06	4,25	3,88	35-49%
18. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar - skrst.	3,674	3,86	4,22	2,05	2,95	4,35	3,98	3,46	3,93	35-49%
19. Skrifstofa Íþrótt- og tómstundasviðs Rvk	3,651	3,50	3,87	2,07	3,20	4,32	4,10	4,00	3,95	35-49%
20. Listasafn Reykjavíkur	3,610	3,72	4,08	1,46	3,07	3,70	3,95	4,26	3,97	50-59%
21. Skipulag byggingar og borgarhönn. Rvk	3,587	3,61	3,95	1,81	3,57	4,00	3,96	3,38	3,89	80-100%
22. Ljósmyndasafn Reykjavíkur	3,581	3,38	3,67	2,33	3,53	4,36	3,55	3,83	3,90	80-100%
23. Árbæjarlaug	3,557	3,50	3,64	1,85	3,64	3,95	3,95	3,94	3,66	60-69%
24. Skrifstofa Velferðarsviðs Rvk	3,525	3,56	4,00	1,79	3,66	4,27	3,89	2,94	3,60	50-59%
25. Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs Rvk	3,516	3,59	4,07	1,73	2,63	4,41	3,90	3,75	3,59	80-100%
26. Framkvæmdir og viðhald Rvk	3,457	3,54	3,93	1,47	3,50	3,79	3,95	3,20	3,65	80-100%
27. Menningarmiðstöð við Gerðuberg	3,431	3,06	3,93	1,20	2,93	4,12	4,30	4,27	3,50	70-79%
28. Bílastæðasjóður	3,324	3,58	3,98	1,46	3,25	4,33	4,07	2,13	3,10	60-69%
29. Sundhöllin	3,130	2,60	3,33	2,29	2,39	2,91	3,88	3,94	3,96	50-59%

A.m.k. 75% stofnana eru með lægri einkunn.

A.m.k. 25% stofnana eru með hærri einkunn og 50% eru með lægri einkunn.

A.m.k. 50% stofnana eru með hærri einkunn og 25% eru með lægri einkunn.

A.m.k. 75% stofnana eru með hærri einkunn.

Stofnun ársins sérrit

Ábyrgðarmaður:

Jakobína Þórðardóttir

Umsjón:

Sólveig Sigr. Jónasdóttir
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík
Sími: 525 8330
Netfang: strv@bsrb.is
Veffang: strv.is
Skrifstofan er opin
mán.- fös. kl. 9:00-16:00

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja
Forsíðumynd Kristján E. Karlsson
ISSN númer 1670-5874



